

landshöfðingjaúrskurði að greiða fyrir hönd framfærsluhrepps stúlkunnar, er hjermeð úrskurðað, að Lýtingsstaðahreppi beri eigi að endurgjalda Eyrarbakka- hreppi hinar umræddu 71 kr. 75 au. 55
5. maí

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar og er jafnframt eptir ósk yðar endursent brjef það frá prestinum á Mælifelli, sem fylgdi ádurgreindu brjefi yðar.

Brjef stjórnarráðsins til allra sýslumanna og bæjarfógeta um innheimtu á landsjóðstekjum. Með því að stjórnarráðið hefir íhyggju að koma tekjum landssjóðs á vöxtu frekar en hingað til hefir verið gjört, er því umhugað um, að allar greiðslur á tekjum landssjóðs gangi sem greiðast; er það því hjer með lagt fyrir yður, herra sýslumaður, að flýta innborgunum í landssjóð á gjöldum hans og greiða þau eins og fyrir er skipað í reglugjörð um opinber reikningsskil o. fl. 13. febrúar 1873, jafnóðum og þau verða innheimt. 56
20. maí

Sjerstaklega finnur stjórnarráðið ástæðu til að taka fram að því er snertir innheimtu á tolli af aðfluttum vörum, að sá kaupmaður, er fengið hefir frest á greiðslu á tolli samkvæmt fyrirmælum laga um tollgreiðslu 22. maí 1890, hann á að greiða toll þennan í peningum, en hefir ekki rjett til að greiða hann með ávísun á útlend verzlunarhús. Í öðru lagi tekur stjórnarráðið fram, að í seinni tíð hefir það komið fyrir hvað eftir annað, að neitað hafi verið að innleysa ávísanir, er lögreglustjórarnir hafa fengið fyrir tollgjöldum landssjóðs. Finnur stjórnarráðið því ástæðu til að leiða athygli lögreglustjóranna að því, að samkv. 2. gr. í tolllögum 8. nóv. 1901 á því að eins að taka gildar ávísanir til greiðslu á tolltekjum landssjóðs, að tollgreiðandinn sýni nægileg skilríki fyrir því, að ávísunin verði greidd. Hafi lögreglustjóri vanrækt þetta, verður hann sjálfur að bera ábyrgð á drættinum, en á hinn bóginn verður stjórnarráðið að taka fram, að engin önnur skilríki fyrir því að, ávísunin verði greidd, virðast nægileg, en að hlutaðeigandi tollgreiðandi afhendi lögreglustjóra vottorð frá þeim, er ávísunin er stýluð á, um að hann skuldbindi sig til að innleysa þær ávísanir, er tollgreiðandinn gefur út á hann til greiðslu á tollgjöldum, enda sje sá, sem innleysa á ávísunina, viðurkenndur sem áreiðanlegur borgunarmaður.

Auglýsing.

57

Með því að 1. þingmaður Eyfirðinga, landritari Kl. Jónsson r. af Dbr., hefir afsalað sjer þingmennsku með brjefi, dagsettu 6. þ. m., er hjermeð samkvæmt 54. gr. laga nr. 18 frá 3. október 1903 um kosningar til alþingis fyrirskipað, að kosning skuli fram fara 10. september næstkomandi á þingmanni í stað herra Kl. Jónssonar fyrir þann þingmennskutíma, er hann átti eptir. 24. maí